

175

6. okt.

13. gr.

Ef Fríhöfnin hefur í birgðum sínum illseljanlegar eða gallaðar vörur, er henni heimilt að selja þær til þeirra aðila hjá varnarliðinu sem rétt hafa til innkaupa, fyrir erlendan gjaldeyri.

Sala þessi skal fara fram undir eftirliti tollgæzlu.

Enn fremur getur ráðherra, ef sérstaklega stendur á, svo sem að vörur liggi undir skemmdum, heimilað tollafgreiðslu á þeim til neyzlu eða sölu innanlands að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

14. gr.

Skrifstofa frihafnarstjóra hefur á hendi allt bókhald vegna Frihafnarinnar.

Frihafnarstjóri skal árlega senda utanríkisráðherra sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Frihafnarinnar til afnota við samningu fjárlaga.

Skal frihafnarstjóri gæta þess vandlega, að útgjöld á fjárhagsáætlun Frihafnarinnar fari ekki fram úr fjárlögum.

15. gr.

Frihafnarstjóri skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960 um tollvörugeymslur o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 65 frá 1959 um rekstur söluhúða á Keflavíkurlflugvelli á vegum ríkisins.

Utanríkisráðuneytið, 6. október 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Hörður Helgason.

176

6. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 48 21. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

1. gr.

1. málsliður 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Í janúarlök ár hvert skulu nemendur í fyrra bekk fiskimannadeildar og í marzlök ár hvert skulu nemendur í fyrsta bekk farmannadeildar ganga undir próf í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði.

2. gr.

Á eftir orðinu „stærðfræði“ í 6. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, komi: eðlisfræði.

3. gr.

Á eftir 3. málslið 7. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Í eðlisfræði, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

4. gr.

4. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Heimilt er skólastjóra að fella niður kennslu í sjóvinnu, síðari hluta vetrar, en

þó eigi fyrri en í lok janúarmánaðar. Þá er og heimilt að fella niður kennslu í 176 bókhaldi í 3. bekk farmannadeildar, enda ljúki nemendur burtfararprófi í þeirri 6. okt. námsgrein upp úr 2. bekk.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimanna-skólann í Reykjavík, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 77 24. maí 1956, um skipulag
póst- og símamálastjórnarinnar.

177

10. okt.

1. gr.

2. málsgrein í 1. grein orðist svo:

Stofnunin greinist í fjórar aðaldeildir — hagdeild, radiótæknideild, símatækni-deild og rekstrardeild, — svo og þrjár sérdeildir — aðalpóststofan í Reykjavík, bæjarsímamann í Reykjavík og ritsíma- og langlínustöðin í Reykjavík. Þessar deildir greinast svo aftur í undirdeildir samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamála-stjóra.

4. málsgrein í 1. grein orðist svo:

Auk funda með einstökum forstöðumönnum um sérmál þeirra, heldur póst- og símamálastjóri heildarfundi í póst- og símamálastjórninni með forstöðumönnum aðaldeilda og sérdeilda svo oft sem þörf þykir til þess að ræða sameiginleg mál og önnur meiri háttar mál, sem hann telur rétt að ræða á slíkum fundum.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Starfsskipting milli aðaldeilda og sérdeilda er í höfuðatriðum, sem hér segir:

Hagdeild annast yfirlit yfir fjárreiður, aðalendurskoðun og sjóðskoðanir, aðalskýrslugerðir, almenn starfsmannamál o. fl.

Rekstrardeild annast almenn viðskiptamál póstis og síma og umsjón með viðskiptastöðvum, utan þess sem sérdeildunum er falið, enn fremur aðalbókhald og aðalgreiðsludeild o. fl.

Radiódeild annast radiótæknimál símans, þar á meðal rekstur radióstöðva og -verkstæða o. fl.

Símatæknideild annast símatæknimál önnur en þau, sem radiótæknideild og sérdeildum er falið, enn fremur aðalbirgðavörzlu símans, húsbýggingar o. fl.

Aðalpóststofan í Reykjavík annast rekstur póststofa, póstafgreiðslna og bréf-hirðinga í Reykjavík og nágrenni.

Bæjarsímamann í Reykjavík annast rekstur bæjarsímans í Reykjavík og nágrenni (Kópavogi, Hafnarfirði o. fl.) svo og verklegar framkvæmdir hans.

Ritsíma- og langlínustöðin í Reykjavík annast viðskiptalegan rekstur ritsímans og handvirku talsímastöðvarinnar í Reykjavík, svo og umsjón með slíkum rekstri